

## REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2020/763

2021/EES/22/65

frá 9. júní 2020

**um breytingu á viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 231/2012 um nákvæmar skilgreiningar á aukefnum í matvælum sem eru tilgreind í II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 að því er varðar nákvæmar skilgreiningar á þríkalsíumfosfati (E 341 (iii)) (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 frá 16. desember 2008 um aukefni í matvælum <sup>(1)</sup>, einkum 14. gr.,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1331/2008 frá 16. desember 2008 um sameiginlega málsmeðferð við leyfisveitingu fyrir aukefni í matvælum, ensím í matvælum og bragðefni í matvælum <sup>(2)</sup>, einkum 5. mgr. 7. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 231/2012 <sup>(3)</sup> er mælt fyrir um nákvæmar skilgreiningar á aukefnum í matvælum sem eru tilgreind í II. og III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008.
- 2) Þessar nákvæmu skilgreiningar má uppfæra í samræmi við sameiginlegu málsmeðferðina sem um getur í 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1331/2008, annaðhvort að frumkvæði framkvæmdastjórnarinnar eða í kjölfar umsóknar.
- 3) Hinn 28. september 2018 var lögð fram umsókn um breytingu á nákvæmum skilgreiningum varðandi matvælaaukefnið þríkalsíumfosfat (E 341 (iii)). Umsóknin var gerð aðgengileg fyrir aðildarríkin skv. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1331/2008.
- 4) Í núverandi nákvæmum skilgreiningum er fastsett að þríkalsíumfosfat (E 341 (iii)) fáið með því að hlutleysa fosfórsýru með kalsíumhýdroxíði. Umsækjandinn fer fram á að hlutleysing með kalsíumkarbónati sé sett inn sem staðgöngukostur.
- 5) Samkvæmt umsækjandanum er kalsíumhýdroxíð framleitt með því að glæða kalsíumkarbónat sem hægt væri að komast hjá ef kalsíumkarbónatið væri notað beint sem upphafsefni. Umsækjandinn heldur því fram að helsti kosturinn við að nota kalsíumkarbónat beint sé sá að þá þurfi minni orku til framleiðslunnar sem leiðir til sjálfbærara framleiðsluferlis. Samkvæmt umsækjandanum leiða báðir framleiðsluferlarnir til sömu lokaafurðarinnar, þríkalsíumfosfats (E 341 (iii)), sem inniheldur engin önnur óhreinindi en þau sem eru tilgreind í reglugerð (ESB) nr. 231/2012.
- 6) Starfshópur sérfræðinga stjórnvalda um aukefni fjallaði um umsóknina. Að teknu tilliti til upplýsinga sem umsækjandinn lagði fram og endurgjafar sem barst frá starfshópnum taldi framkvæmdastjórnin það ólíklegt að tillögð breyting á nákvæmum skilgreiningum fyrir þríkalsíumfosfat (E 341 (iii)) hefði áhrif á heilbrigði manna.
- 7) Þar eð notkun á kalsíumkarbónati sem staðgöngukosti fyrir kalsíumhýdroxíð í framleiðsluferlinu á þríkalsíumfosfati (E 341 (iii)) telst vera uppfærsla á skrá Sambandsins sem ólíklegt er að hafi áhrif á heilbrigði manna er ekki nauðsynlegt að leita álits Matvælaöryggisstofnunar Evrópu í samræmi við 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1331/2008 og breyta ætti nákvæmu skilgreiningunum.
- 8) Því ætti að breyta viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 231/2012 til samræmis við það.
- 9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stj. 2021, ESB L 182, 10.6.2020, bls. 8. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 22/2021 frá 5. febrúar 2021 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stj. 2008, ESB L 354, 31.12.2008, bls. 16.

(2) Stj. 2008, ESB L 354, 31.12.2008, bls. 1.

(3) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 231/2012 frá 9. mars 2012 um nákvæmar skilgreiningar á aukefnum í matvælum sem eru tilgreind í II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 (Stj. 2012, ESB L 83, 22.3.2012, bls. 1).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

Viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 231/2012 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

*2. gr.*

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 9. júní 2020.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Ursula VON DER LEYEN

*forseti.*

\_\_\_\_\_

## VIÐAUKI

Í stað skilgreiningarinnar í færslunni fyrir „E 341 (iii) Þríkalsíumfosfat“, í viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 231/2012 kemur eftirfarandi:

„ <b>Skilgreining</b>	Þríkalsíumfosfat er samsett úr breytilegri blöndu af kalsíumfosfötum sem fæst með því að hlutleysa fosfórsýru með kalsíumhýdroxíði eða kalsíumkarbónati og fá um það bil samsetninguna $10\text{CaO}\cdot 3\text{P}_2\text{O}_5\cdot \text{H}_2\text{O}$ “
-----------------------	--